

# Próunarsjóður innflytjendamála 2011

## Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Stuðningur við atvinnuleitendur af erlendum uppruna

**Nafn styrkþega:** Akraneskaupstaður

### Útdráttur:

Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að efla og styðja atvinnulausa innflytjendur á Akranesi. Þegar verkefið hófst var atvinnuleysi meðal innflytjenda um 20% meðan heildar atvinnuleysi var 3.2%. Áhersla var lögð á að hámarka möguleika atvinnulausra innflytjenda til þess að nýta sér hefðbundin og almenn úrræði sem standa atvinnulausum til boða og tryggja að þessi hópur yrði ekki útundan í átkasúrræðum. Einnig var áhersla lögð á að nýta frumkvöðla og nýsköpunarkraft innflytjenda.

Þessi markmiði náðust dável:

- Í maílok hafði atvinnulausum innflytjendum fækkað úr 46 í 38.
- 3 einstaklingar höfðu nýtt sér atvinnuráðgjöf hjá Akraneskaupstað og af þeim hafa tveir hrint viðskipahugmynd í framkvæmd; annars vegar er um að ræða fyrirtæki sem sérhæfir sig í markaðssetningu á íslensku sælgæti fyrir ferðamenn og hins vegar fyrirtæki sem flytur inn varahluti í bíla frá Póllandi.
- 4 einstaklingar fóru í vinnu í gegnum átak Vinnumálastofnunar: Vinnandi vegur.
- 11 einstaklingar hafa fengið starfsráðgjöf hjá Vinnumálastofnun á Vesturlandi, ýmist komið í eitt viðtal eða fleiri.
- 7 einstaklingar af erlendum uppruna fengu tímabundin störf í gegnum atvinnuátaksverkefni Akraneskaupstaðar.
- 19 einstaklingar fengu náms- og starfsráðgjöf hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi – komu ýmist í eitt viðtal eða fleiri.
- 30 einstaklingar hafa sótt íslenskunámskeið á tímabilinu
- 27 einstaklingar hafa stundað nám í Landnemaskóla I og II. Hluti af Landnemaskóla er að fara inn á vinnustaði í talþjálfun einu sinni í viku.
- Einnig hafa atvinnleitendur af erlendum uppruna verið duglegir við að nýta sér ýmis önnur úrræði, s.s. ókeypis aðgengi í líkamsrækt og á Bókasafnið, þó nákvæmar tölur þar að lútandi liggi ekki fyrir.

**Project Title:** Support for unemployed immigrants.

**Name of Grantee:** Akranes Municipality.

**Abstract:** The objective of the project was to support unemployed immigrants in the municipality and maximise their opportunities to access general resources available to jobseekers. The project did meet these objectives:

- At the beginning of the project 46 immigrants were unemployed, at the end the number had been reduced to 38.
- Three received help in developing a business idea, two ideas are currently being developed.
- 11 individuals got temporary jobs through special initiatives directed by both the Directorate of Labor (4) and Akranes Municipality (11).
- 30 individuals received education and/or job counseling through The Directorate of Labor (11) or the Life Long Learning Centre (19).
- 30 individuals attended Icelandic courses.
- 27 individuals participated in the School of Settlers I and II.